

NORÐURLAND

Málgagn sósíalista í Norðurlandskjördæmi eystra

Ritnefnd: Böðvar Guðmundsson, Helgi Guðmundsson, Soffía Guðmundsdóttir, Þórir Steingrímsson og Þóra Þorsteinsdóttir.
Ritstjóri: Þróstur Haraldsson (ábm.).
Dreifing og auglýsingar: Kristín Ólafsdóttir.
Ritstjórn, afgreiðsla, auglýsingar: Eiðsvallagata 18, sími 21875.
Póstfang: Box 492, 602 Akureyri.
Offsetprentun: Prentsmiðja Björns Jónssonar.
Gefið út af kjördæmisráði Alþýðubandalagsins.

Skerðum forréttindi auðstéttarinnar

Þau pólitísku átök sem nú standa yfir milli verkalyðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins um kjarasamningana eru einhver hin alvarlegustu og þýðingarmestu sem átt hafa sér stað um árabil.

Nái ríkisstjórnin fram vilja sínum nú, hljóti hún pólitískt brautargengi í kosningunum á sunnudaginn líður ekki á löngu þangað til frumvarp að nýrri vinnulöggjöf, með stórskertri starfaðstöðu verkalyðssamtakanna að innihaldi sér dagsins ljós og ekki mun standa á valdhöfunum að gera þær breytingar á vísitölu kerfinu, sem þeir hafa þegar hótað. Óþeina skatta út úr vísitölunni, segja þeir. Að lagabreytingum í þessu efni samþykktum er komin upp sú staða að ríkisvaldið eitt getur ráðið öllum launakjörum í landinu og starfsaðstaða verkalyðshreyfingarinnar til að bregðast við því hefur verið stórlega skert, gerð verður tilraun til að leggja helsi á fjöldasamtök launafólks, þeirra samtaka sem eru einn af hornsteinum lýðræðis þjóðfélagsins. Að félagafrælsinu verður þrengt.

Stjórnarliðið hefur alla kosningabaráttuna kveinkað sér undan því að stjórnarandstæðingar ræði í sífelli kjaramál. Orðhvatastir allra í því efni hafa Framsóknarmenn verið og margsinnis sakað Alþýðubandalagið um að misnota sér verkalyðssamtökin í sínum skuggalega pólitíska tilgangi. Ríkisstjórnin hefur sjálf með afstöðu sinni óskað eftir pólitísku stríði við verkalyðssamtökin í landinu og fyrst hún sækist eftir því væri það að bregðast trúnaði launafólks ef verkalyðsforystan viki sér undan þeim átökum. Ekki einasta af því að forystumönnum verkalyðssamtakanna beri að standa vörð um hagsmuni umbjóðenda sinna í kjaramálum, heldur ekki síst af hinu að hér stendur einnig yfir mannréttindabarátta, baráttu um raunverulegan samnings- og verkfallsrétt eins og rakið var hér áðan.

Vissulega eru kosningar kjarabarátta og kjarabarátta er einnig stéttabarátta. Samt verður það nú svo að með því að rýna á launakjörin ein, með því að taka afstöðu til stjórnmalaflokka vegna launamálanna einna, þá næst aldrei sá pólitíski árangur sem verkalyðsstéttin þarfnast. Auðvaldsþjóðfélagið er í eðli sínu fjandsamlegt verkalyðsstéttinni, og vert er í því efni að minna á að núverandi ríkisstjórn hefur engar hugmyndir haft um lausn efnahagsvandans aðrar en þær að láta verkafólk borga fyrir óstjórnina. Þegar til lengdar lætur getur launafólk ekki unað öðru en raunverulegum grundvallarbreytingum á samfélaginu þar sem arðráni manns á manni hefur verið útrýmt og komið á samfélagsháttum sósíalismans. Mörgum breytingum í þessa átt hefur þegar verið komið á og má í því efni minnast þess að undanfarin ár hafa átt sér stað afar þýðingarmiklar félagslegar breytingar á atvinnulífinu. Miklu stærri hluti atvinnutækja í frumvinnslunni, fiskveiðum og fiskiðnaði, er nú í félagslegri eign en áður. Mörgum baráttuglöðum sósíalístanum sést einatt yfir þessa staðreynd og gefur ekki gaum að þýðingu hennar. Á hinn bóginn er einnig ljóst að ekki verður allur vandi atvinnulífsins leystur með því að fyrirtæki séu í félagslegri eigu. Það er jafn nauðsynlegt að gera félagslegar breytingar á þeim samvinnufélögum og félögum sem sveitarfélög og samvinnufélög eiga sameiginlega í atvinnurekstri, til þess að raunveruleg edlisbreyting eigi sér stað.

Síðast en ekki síst þurfa að koma til almennar pólitískar breytingar í samfélaginu, sem verða til þess að skerða völd þeirrar fámennu forréttindaklíku, sem ræður nú yfir samtökum atvinnufyrirtækja í landinu hvort sem þau eru í félagslegri eigu eða í eigu einkaaðila.

Öflug sókn Alþýðubandalagsins í kosningunum á sunnudaginn kemur er þýðingarmikið skref í þá átt að skerða forréttindi auðstéttarinnar næstu árin. Hefjist Alþýðubandalagið til aukinna áhrifa, felur það í sér að sjónarmið verkalyðshreyfingarinnar fá aukinn styrk á landsstjórnina, afl borgarastéttarinnar verður ekki eins yfirþyrmandi og verið hefur. Vænta má skaplegri stjórnarháttu og vísast einhverra skrefa í þá átt að gera edlisbreytingar á þjóðfélaginu sjálfu. hágé.

„ . . . að ekki ver að stjórna án ok

Rætt við Soffíu Guðmundsdóttur, 2. mann G-listans

Annað sæti á lista Alþýðubandalagsins í Norðurlandskjördæmi eystra skipar Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari á Akureyri. NORÐURLAND hafði tal af Soffíu og bað hana fyrst að segja álit sitt á því um hvaða höfuðmál þingkosningarnar á sunnudaginn muni snúast.

– Kosningabaráttan og þær umræður sem orðið hafa á fundum og í fjölmiðlum að undanförunu bera því glöggt vitni að þær snúast mest um efnahags- og kjaramál. Þar eru vitaskuld efst á blaði kaupránslög ríkisstjórnarinnar og viðbrögð samtaka launafólks við þeim. Með lögum var efnt til átaka við samtök launafólks og þau átök standa enn. Ríkisstjórnin hefur staðið í stríði við samtök launafólks og beitt í því þingmeirihluta sínum og laga-setningum sem hafa beinlínis kallað á snörp viðbrögð.

Mér fannst það táknað að á 1. maí, baráttudegi verkalyðs, var strengdur borði þvert yfir

stjórnarráðið í Reykjavík sem á stóð „Kjósum ekki kaupránslökkana.“ Kjaramálin hafa beinst inn í pólitískan farveg og það kom glöggt í ljós í byggðakosningunum, að fólk gerir sér það ljóst að kosningar eru kjarabarátta. Það lætur líka væntanlega verkin í kjörklefanum tala í samræmi við það.

– En hvaða mál önnur leggur Alþýðubandalagið áherslu á í þessum kosningum?

– Alþýðubandalagið hefur ævinlega barist gegn erlendri ásælni í hvaða mynd sem hún birtist. Við höfum bent á aukin umsvif á Keflavíkflugvelli og að þar eru hafnar framkvæmdir sem ekki benda til þess að



Soffía Guðmundsdóttir.

tjaldað sé til einnar nætur. Þetta gerist á þeim tíma sem hægrir

„Hið nýja siðgæð Alþýðuflokksins

Það er alkunn staðreynd að Alþýðuflokkurinn hefur þegið fjárstyrki frá erlendum bræðraflokkum sínum, einkum norænum sósíaldemókrötum, til að reka kosningabaráttuna og halda úti málgögnum hér á landi. Þessir fjárstyrkir urðu til þess að í vetur voru samþykkt á Alþingi lög gegn því að erlent fé verði notað í íslenski stjórnmalabaráttu.

Nú geta verkalyðssinnar haft tvennar skoðanir á slíkrri laga-setningu. Henni hefur ma. verið mótmælt á þeim forsendum að verkalyðsstéttin sé alþjóðleg og eigi sér engin landamæri. Einnig má benda á að fé það sem íslenski auðstétt græðist á hermangi og álverum má hæglega nota í kosningabaráttu og vafalaust gert. Og því ætti þá að banna verkalyðnum það sem auðstéttinni leyfist?

En hvaða skoðun sem menn hafa á ofangreindri lagasetningu hljóta allir verkalyðssinnar og vinstri menn að sameinast í andstöðu gegn því að hluti íslenskrar verkalyðshreyfingar þiggi erlent fé í þeim tilgangi að nota það til að berjast gegn öðrum hlutum þeirrar sömu hreyfingar.

60 ára saga

En þetta er nú það sem Alþýðuflokkurinn hefur stundað í hartnær sextíu ár, hvorki meira né minna. Það kemur fram í viðtali sem Þjóðviljinn átti nýlega við Ólaf R. Einarsson sagnfræðing en hann hefur undanfarna mánuði dvalist í Kaupmannahöfn við rannsóknir á heimildum um íslenska verkalyðssögu sem finnast kunna á dönskum söfnum. Á safni dönsku verkalyðshreyfingarinnar komst hann í marg-

háttuð bréfaskeipti íslenskra og danskra krata og honum til undrunar fjölluðu þau að langmestu leyti um fjárstuðning til dönskum en hann hófst árið 1919 þegar Alþýðuflokkurinn fékk 15 þúsund króna ávísun frá 15 þúsund króna ávísun frá þeim danska (tímakaup verka-manns var þá 1 króna).

En það athyglisverðasta við þennan fjárstuðning er að hann er alla tíð bundinn því skilyrði að leiðtogar Alþýðuflokksins berjist gegn kommúnistum. Um tíma tókst forystumönnum flokksins ekki að sanna nógu vel að slík baráttu væri háð og þá var engan styrk að fá. Þegar látið var til skarar skriða 1926 og hafist handa við að kljúfa verkalyðshreyfinguna og reka kommúnista úr ASÍ hóf danski flokkurinn fjársöfnun meðal annarra krataflokka álfunnar fyrir íslenska Alþýðuflokkinn.

Ljóst er af bréfaskeiptunum að danskir kratar hafa fylgst mjög náið með innanflokksátökunum í Alþýðuflokknum og hagað styrkveitingum eftir því. Til dæmis slógu þeir styrkveitingum á frest á árunum 1952–54 þegar Hannibal var formaður flokksins en það var gert að beiðni Stefáns Jóhanns Stefáns-sonar sem ekki líkaði „vinstri villa“ Hannibals.

Marshall dollarar

Þá er ekki síður athyglisvert að inn í þennan fjárstuðning við íslenska krata skuli blandast nokkrir dollarar af Marshallaðstoðinni sem Bandaríkin veittu Íslendingum á árunum upp úr 1950. Danskur krati segir frá viðræðum sínum við „verkalyðsmálafulltrúa“ banda ríska sendiráðsins á Íslandi og kemur þar ma. fram að sá

bandaríski hafði séð um að útvega Marshallfé til prentunar rússagrýlubæklinga sem nefndist „Þrælubúðir Stalíns“ en hann var ætlaður til dreifingar meðal fulltrúa á Alþýðusambandsþingi 1952. Einnig runnu þessir Marshalldollarar til fréttabréfs ASÍ sem á þessum árum laut forystu „lýðræðis-flokkanna.“

Á þessu má sjá að Alþýðuflokkurinn hefur um langt árabil þegið fé erlendis frá til að berjast gegn öflum sem lengra eru til vinstri í íslenskum stjórnmalum. Og hann hefur ekki klígað við því að þigga fé frá Bandaríkjunum í þessum tilgangi, svo aðkallandi hefur honum þótt baráttan vera.

Bragi og Árni

Því má svo bæta við kjósendum í þessu kjördæmi til fróðleiks að efsti maður á lista kratanna, Bragi Sigurjónsson, var þegar kominn í fremstu raðir flokksins, þá ungur maður, þegar flokkur hans lagði undir sig eignir verkalyðshreyfingarinnar í Reykjavík. Hann sat á þingi þegar flokkur hans gerði út fjáraflamanninn Friðrik Jörgensen til sérstæðrar peningaöflunar fyrir sig. Annar maður listans, Árni Gunnarsson, var tekinn til starfa við Alþýðublaðið þegar peysusjóður krakka-anna í Gagnfræðaskóla Austurbæjar í Reykjavík – sem þau höfðu sjálf tæmt sparibaukana sína í – var tekinn til að fjármagna blaðið. Skömmu áður en Emil Jónsson undirritaði samninginn við Vestur-Þjóðverja og Bretu árið 1961 um að Íslendingar skyldu ekki færa út landhelgina framár án þess að

erði hægt kkar“



í sessi. Alþýðubandalagið hefur barist fyrir úrsögn Íslands úr Nató og brottför hersins bæði innan Samtaka herstöðvaandstæðinga og annars staðar. Þessar kröfur hafa náttúrlega úrslitabýðingu nú sem áður.

En baráttan gegn erlendri ásælni er ekki eingöngu bundin við herinn og Nató heldur tengist hún einnig efnahags- og atvinnumálunum. Í því sambandi er rétt að rifja upp áform um stóriðjurekstur í eigu útlendinga hér í Eyjafirði. Ýmsum stjórnmalámonnum leist það fýsilegur kostur en Eyfirðingar litu öðrum augum á málið og það mætti víðtækri andstöðu. En þar með er málið ekki úr sögunni, talsmenn erlendra stóriðju eru varla af baki dottnir og því er full þörf á að vera á verði.


- Hvaða svör setur Alþýðubandalagið fram gegn þessari erlendu ásælni?

- Alþýðubandalagið hefur bent á þá röskun sem stóriðjurekstur hlýtur að hafa á búsetu og atvinnuhætti. Einnig hefur flokkurinn lagt áherslu á þau háskalegu ítök sem erlendir auðhringar fengu með þessu í


Framhald á bls. 7.

stjórn situr að völdum, því þá telja Bandaríkjamenn sig fastari

si“



Árni Gunnarsson - sótti kratafé til Norðurlanda.



Vilmundur „ofsóknarblaðamaður“ - fulltrúi hins ættgenga síðgæðis í Alþýðuflokknum.

urinn stjórnast af um þessar mundir. Satt að segja er erfitt að koma auga á hvað er nýtt í þessu síðgæði, það virðist þvert á móti vera orðið nokkuð rótgróið í íslenskum stjórnmalum - því miður.

Öngar líkur eru á því að fyrrnefnd lagasetning geti breytt þessu síðgæði svo um munar. Það hefur ekki reynst erfitt fram til þessa að smygla gjaldeyri inn í landið, hvað þá að koma honum í verð hér á landi. „Hið nýja síðgæði“ Alþýðuflokksins setur slíku framferði engar skorður að því er séð verður.

Pröstur Haraldsson.

spyrja þá leyfis hafði Áki Jakobsson sótt styrk til Alþýðublaðsins til Danmerkur.

Ög kveikjan að því að áður-nefnd lög voru sett var sú að upp komst að Árni Gunnarsson hafði sótt peninga til norrænna krata til að kosta útgáfu Alþýðublaðsins og Amen og reka yfirstandandi kosningabaráttu.

Lágt er lotið

Í ljósi þessa kemur það engum á óvart að Alþýðuflokkurinn skuli hamast mest gegn Alþýðubandalaginu í þessum kosningum. Þar hafa þeir verið fremstir í flokki, Vilmundur og Árni Gunnarsson, sjálfir síðgæðis-kratararnir. Þeir hafa verið keyptir upp af norrænum og vesturþýskum krötum sem beittu sér harðast fyrir því á síðasta þingi Alþýðasambands jafnaðarmanna að baráttan gegn kommúnismanum yrði sett fremst í stefnuskrá sambandsins. Um þetta atriði urðu átök þar sem franskir og ítalskir sósíalistar beittu sér gegn því að baráttan gegn kommúnismanum yrði gerð að helsta viðfangsefni heimshreyfingar krata. Í þeim átökum hafa íslenskir kratar lotið svo lágt að selja atkvæðið sitt gegn því að geta haldið Alþýðublaðinu, Amen og fleiri málögnum sínum gangandi.

Ög það er synd að segja að íslenskir kratar hafi ekki launað greiðann. Vilmundur og Árni hafa reglulega skrifað haturs- og óhróðursgreinar um Alþýðubandalagið í Alþýðublaðið eða Dagblaðið en síðan hafa þær verið samvisskusamlega endurprentaðar í Amen og öðrum landsmálblöðum krata.

Jafnframt þessum skrifum hafa þeir félagar dásamað „hið nýja síðgæði“ sem Alþýðuflokk

Hvers er að segja til um það hvað er rétt og hvað rangt?

Nú líður senn að lokum þeirrar kosningabaráttu sem staðið hefur nær látlaust í tvo mánuði og fyrir sumum frambjóðendum svo mánuðum skipti. Bæjarstjórnarkosningar sýnast góð vísbending um að ekki muni allir hafa haft erindi sem erfiði og vera kann að í uppsiglingu séu meiri háttar tíðindi í íslenskum stjórnmalum.


Það sem öðru fremur hefur einkennt mállutning talsmanna stjórnarflokka í þessu kjördæmi er vitneskjan um þau endemi í stjórnarháttum sem þeirra eigin ríkisstjórn hefur ástundað líðið kjörtímabil, og öll er röksemdafærsla frambjóðendanna í afar ríkum mæli því marki brennd að þeir trúu ekki einu sinni sjálfir til fullnustu því sem þeir ætla öðrum að gleypa sem heilagan sannleika.

Af skiljanlegum ástæðum höfum við Alþýðubandalagsmenn fjallað mikið um, í yfirstandandi kosningabaráttu, hin makalaus samskipti ríkisstjórnarinnar við verkalyðshreyfinguna, sem í stuttu máli hafa einkennt af takmarkalausri oftrú á möguleika hins sterka þingmeirihluta til að stjórna landinu í fullkominni andstöðu við launþegasamtökin. Í því efni er vert að líta á kaupránslögin frá því í vetur í öðru samhengi en því einu að þau skertu kjör alls launafólks um að minnsta kosti eins mánaðar laun.

Þessum lögum var einnig ætlað annað hlutverk og ekki þýðingarminna. Þau voru pólitísk ögrun við alþýðusamtökin og til þess var ætlast að þau kenndu verkalyðssamtökunum að skilja hvar valdið í þjóðfélaginu liggur. Menn munu minnst þess að sölstöðusamningarnir í fyrri voru gerðir eftir að verkalyðshreyfingin hafði beitt nýjum baráttuaðferðum, sem áreiðanlega kostuðu ekki bara launafólkið sjálft heldur einnig samfélagið allt, miklu minni fórnir en allsherjarverkföllin, sem menn eiga að venjast. Þeir samningar voru gerðir að öllu leyti eftir þeim leikreglum, sem settar hafa verið af löggjafanum um samskipti atvinnurekenda og verkafólks og hafa unnið sér langa hefð í þjóðlífinu.

Valdhafarnir lýstu því margsinnis að samningarnir væru mál aðila vinnumarkaðarins, þeirra væri að leysa vandann. Ólafur Jóhannesson gekk svo langt að lýsa yfir samstöðu með launafólki er borin var fram krafan um hundrad

Eftir Helga Guðmundsson



þúsund króna lágmarkslaun. Allar aðstæður, einkum hinar efnahagslegu, sýndust hníga í þá átt að samningagerðin væri í fullu og eðlilegu samræmi við ríkjandi efnahagsástand og spádóma um horfur í því efni á næstu mánuðum.

Ríkisstjórnin varð að lokum aðili að samningunum með ýmsum hætti en fyrst og fremst þeim að ákveða að beita sér fyrir tilteknum breytingum sem verkalyðshreyfingin krafðist. Til viðbótar við allt þetta er vert að minnst þess einnig að fyrir samningana voru launakjör með þeim hætti að með öllu verður að teljast ósæmilegt fyrir efnahagslega sjálfstæða þjóð. En það sem ekki hvað síst einkenndi ástandið í þjóðmálum í fyrravor var hið mikla félagslega og pólitíska afl, sem sýndi sig að búa í verkalyðshreyfingunni. Það kom í ljós að til voru nýjar og árangursríkar baráttuaðferðir og samvinna verkalyðsflokka í hreyfingunni sannaði fullkomlega gildi sitt.

Þegar leið að haustdögum var komið að ríkisstjórninni að gera samninga við starfsmenn sína. Þau átök voru eldskírni fyrir samtök opinberra starfsmanna, sem aldrei áður höfðu verið í þeirri aðstöðu að geta beitt félagslegu afli til að knýja á um samninga. Samtökin reyndust hæf til að standast þá eldraun sem á þau var lögð og ríkisstjórnin undirritaði samninga sem ekki voru lakari þeim, er Alþýðusambandið hafði gert. Það er í þessu samhengi sem menn verða að skoða kjararánslögin frá því í febrúar, það er með þessa vitneskju í huga sem launafólk

hlaut að snúast af alefli gegn þessu lögum og fá þau afnumin. Kjarni málsins er þessi: Til viðbótar við það að ríkisstjórn in ætlaði að leysa aðsteðjandi efnahagsvanda á kostnað launafólks, þá var stefnt að því að lama verkalyðssamtökin, fá almenning til að trúna því að löggjafanum einum bæri að segja til um það hvað væri rétt og hvað rangt í efnahags- og kjaramálum, og síðast en ekki síst að veikja tiltrú almennings á getu samtaka sinna til að halda uppi þolanlegum lífskjörum, minnka virði samnings og verkfallsréttarins í augum hins almenna félagsmanns.

Þessi atлага að launakjörunum var því ekki einasta þess eðlis að vera kjaraskerðing, - henni var einnig ætlað að undirbúa jarðveginn fyrir annað og meira. Ríkisstjórnin hefur látið undirbúa frumvarp til nýrrar vinnulöggjafar sem á sinum tíma var sýnt verkalyðshreyfingunni og hún snérist fullkomlega gegn.

Þvílík er tröllatrá afturhaldsins á ágæti öflugss þingmeirihluta að ekki var hikað við, rétt fyrir kosningar, að ögra launafólki með misbeitingu valdsins og koma svo fram fyrir kjósendur og segja: Veitið okkur áframhaldandi umboð til að stjórna landinu þá mun ykkur vel farnast. Réttara væri auðvitað af valdhöfunum að orða bónonðsbréfið til kjósenda þannig: Trúið okkur og treystið, við einir erum hæfir til að haga okkur eins og bandittar í pólitík, - því hvað er framkoma stjórnarliðsins annað en stórfelldur loddaraleikur pólitískra banditta sem líta á starf sitt sem eitt has herjar þóker spil þar sem fullkomlega er óhætt að hafa svo mikið rangt við sem mögulegt er.

Það er einn liðurinn af mörgum í stéttabaráttu alþýðunnar á Íslandi að hafna nú þeirri pólitísku forsjá sem hægri flokkarnir hafa veitt landsmönnum undanfarin fjögur ár og efla Alþýðubandalagið til stórfelldra áhrifa. Samt skal enginn vera svo glámskyggur að trúna því að það eitt muni greiða úr öllum vanda á svipstundu. Verkefnið sem bíður er margþætt og þarfnast mikillar pólitískrar vandvirkni í meðhöndlun. Gildir þá einu hvort lotið er til þeirra pólitísku umskipta sem þurfa að verða á landsstjórninni eða til þeirra víðtæku félagslegu breytinga á samtökum launafólks og bænda, sem enn blasir við að gera þarf.

